

Viðaukasamningur við samning um verkefnið „Brothættar byggðir í Dalabyggð“, eða DalaAuð, undirritaðan 03.02.2022.

Samningur þessi er viðauki við samning um verkefnið DalaAuð (DAL). Samningsaðilar eru Byggðastofnun, kt. 450679-0389, Dalabyggð, kt. 510694-2019 og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (í samningnum skammstafað SSV), kt. 610673-0239.

Aðilar eru sammála um að framlengja samninginn um eitt ár, til loka árs 2026.

Byggðastofnun/verkefnið Brothættar byggðir mun á samningstímanum greiða framlag vegna kostnaðar við verkefnisstjóra í fullu starfi til samræmis við greiðslur til annarra byggðarlaga frá 1. janúar 2026 til 31. desember 2026.

Dalabyggð mun taka virkan þátt í verkefninu á meðan á því stendur, til loka árs 2026 og fylgir viðfangsefnum þess eftir að því loknu. Sveitarfélagið mun enn fremur í samstarfi við SSV leggja fram áætlun eigi síðar en um mitt ár 2026 um hvernig áfram verði unnið í anda verkefnisins að lágmarki í eitt ár eftir gildistíma þessa viðaukasamnings, þ.e. frá upphafi til loka árs 2027. Þannig verði leitast við að festa mögulegan árangur verkefnisins DalaAuðs í sessi svo sem frekast er unnt og leita nýrra sóknarfæra á forsendum íbúa, sveitarfélags og landshlutasamtaka.

Samningur þessi er undirritaður með rafrænum hætti.

Fyrir hönd Byggðastofnunar

Arnar Már Elíasson

Fyrir hönd Dalabyggðar

Björn Bjarki Þorsteinsson

Fyrir hönd SSV

Páll S. Brynjarsson